

IV. KAFLI

Um starfslið og stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Við skólann skal starfa skólanefnd. Í skólanefnd skulu sitja 5 menn. Skulu 4 tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skal fulltrúi viðkomandi starfsgreinar eiga sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórnar. Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt, fylgjast með þróun skipstjórnarmenntunar og stuðla að sem nánustum tengslum skólans við atvinnulífið.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólameistara og fasta kennara við skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Laun skólameistara og kennara fara eftir kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Um embættisgengi skólastjóra og kennara fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 22. september 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986, um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| 3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn að auka þátttöku ríkisins samkv. 2. og 3. gr. í 80%, sé um að ræða verulega skerta heyrn að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

2. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. október 1988, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. september 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.